

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 42 ? 16.12. 2004

Fimmtudaginn 16. desember, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, Kristján Jónasson endurskoðandi og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Breytingar á samþykktum félagsins.
2. Samningur um yfirtöku á Vatnsveitu Skagafjarðar.
3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005.
4. Gjaldskrá vatnsveitu.
5. Ákvörðun um fund með þeim sem standa að borun við Kýrholt.
6. Önnur mál.

1. Fundur með forsvarsmönnum Norðurorku hf.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján Jónasson, endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun á Sauðárkróki, skýrði þær breytingar á samþykktum félagsins sem samþykktar voru á hluthafafundi 14. desember sl. vegna yfirtöku Skagafjarðarveitna ehf. á Vatnsveitu Skagafjarðar. Breytingar á samþykktunum eru eftirfarandi:

Grein 1.3. Er ?Tilgangur félagsins er rekstur hitaveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði, félagið mun yfirtaka rekstur Hitaveitu Skagafjarðar bs og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerða sem settar hafa verið varðandi fyrrnefnd félag. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka veitukerfi og fasteignir, lánastarfsemi og skyldur rekstur.?

Verður ?Tilgangur félagsins er veiturekstur í Sveitarfélaginu Skagafirði, félagið yfirtekur rekstur og eignir Hitaveitu Skagafjarðar bs og Vatnsveitu Skagafjarðar og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerða varðandi fyrrnefnd félög. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka veitukerfi og fasteignir, lánastarfsemi og skyldur rekstur.?

Grein 2.1. Er ?Hlutafé félagsins er 50.000.000 kr.-fimmtíu milljónir kr.-og skiptist í einnar krónu hluti. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé þess um 50.000.000 kr. þannig að heildarhlutafé sé að fjárhæð 100.000.000 kr. Frekari hækkun hlutafjár er einungis heimil með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Verður ?Hlutafé félagsins er 100.000.000 kr.-eitt hundrað milljónir kr.- og skiptist í einnar krónu hluti. Frekari hækkun hlutafjár er einungis heimil með samþykki hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.?

Grein 4.1. Er ?Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundum.?

Verður ?Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðilja. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundum.

2. Lagður fram samningur á milli Skagafjarðaveitna ehf. og Sv. Skagafjarðar sem Sveitarstjórn Sv. Skagafjarðar samþykkti á fundi sínum þriðjudaginn 14. desember sl. um yfirtöku Skagafjarðarveitna ehf. á öllum eignum Vatnsveitu Skagafjarðar. Yfirtakan miðast við bókfært verð eins og það kemur fram í efnahagsreikningi Vatnsveitunnar þann 31. desember 2003. Yfirtökuverð greiðist að fullu með hlutafé í Skagafjarðarveitum ehf. Kaupverð hlutabréfanna er 125.247.875 kr. en nafnverð er 50.000.000 kr. Er þetta gert í samræmi við samkomulag samningsaðilja frá 5. september 2002 þar sem Skagafjarðarveitur yfirtóku rekstur Vatnsveitu Skagafjarðar. Stjórn Skagafjarðaveitna samþykkir samninginn.

3. Páll Pálsson Veitustjóri lagði fram fjárhagsáætlun Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2005. Tekjur áætlast: 129.750.000.- Gjaldaliður: 107.825.000.- Handbært fé frá rekstri er 21.925.000.- og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 65.250.000.- Stjórn Skagafjarðaveitna samþykkir áætlunina.

4. Páll Pálsson Veitustjóri lagði fram nýja gjaldskrá fyrir Vatnsveituhluta Skagafjarðaveitna ehf. Stjórn Skagafjarðaveitna ehf samþykkir gjaldskrána.

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna ehf. (Skv.)
Vatnsveita

1. gr.
Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsgjald árlega. Sama á við um aðrar fasteignir utan lögsagnarumdæmisins sem fá vatn úr kaldavatnskerfum Skv.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignarmat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamati.

3. gr.

Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamati.

Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,15% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 23,30 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 27.50.

4. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Skagafjarðar ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5.gr.

Notkunargjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisparfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimta samkvæmt rúmmetramæli sem Skv. leggja til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera 13,25 kr. pr. rúmmetra.

6. gr

Mælaleiga.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Vatnsmælar DN 40 og minni 11,70 kr. á dag

Vatnsmælar DN 50 til DN 80 23,40 kr. á dag

Vatnsmælar DN 100 til DN 150 46,80 kr. á dag

7. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Skv. við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af Skv.

ÞvermálInntaks: 32 mm 40 mm 50 mm 63 mm 75 mm

Heimæðar-gjald kr: 60.000 75.000 93.750 117.190 146.490

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm eru reiknuð út hjá Skv.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.

Verðlagning.

Stjórn Skv. tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt gr. 3 í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta ár á eftir. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu 1. nóvember 2004, 303,9 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn Skagafjarðarveitna ehf samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 sem tóku gildi 7. maí 2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað.

5. Ráðgert að stjórn Skagafjarðaveitna ehf og Veitustjóri haldi fund á Akureyri á milli jóla og nýárs, vegna borunar við Kýrholt með fulltrúum Orkusjóðs, Orkustofnunar og Alvars.

6. Önnur mál.

1. Rætt um fund sem stjórn Skagafjarðaveitna ehf. og Páll Pálsson veitustjóri áttu með forsvarsmönnum Norðurorku hf. á Akureyri 8. desember sl.. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Ályktun.

Á sameiginlegum fundi forsvarsmanna Skagafjarðarveitna ehf. og Norðurorku hf. þann 8. desember 2004, var komið inn á þær hugmyndir, sem eru í umræðunni, að RARIK og Orkubú Vestfjarða verði sameinuð Landsvirkjun. Lýst er áhyggjum vegna þeirra hugmynda um sameiningu og er það mat aðila að slík breyting sé í andstöðu við vilja landsbyggðar. Gefa á veitufyrirtækjum og sveitarfélögum sem eru á dreifiveitusvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða tækifæri til að yfirtaka þennan rekstur og efla og styrkja á þann hátt starf þeirra og koma þessari starfsemi úr ríkisrekstri. Orkumál eru mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi og starfsemi orkufyrirtækja bakhjarl fjölþættra framfara. Það er því mikilvægt að stjórn þeirra sé í sem nánustu tengslum við atvinnulíf viðkomandi svæða og verður það best tryggt með öflugum samstarfi í héraði eða í landshlutum. Stjórnvöld eru því hvött til þess að leita leiða til að heimaaðilar geti tekið við hlutverki framangreindra orkufyrirtækja í stað þess að sameina þau Landsvirkjun.

Akureyri, 8. desember 2004

Sigrún Alda Sighvatz form, stjórnar Skv.
Bjarni Jónasson form. stjórnar Norðurorku hf
Páll Pálsson veitustjóri Skv.
Franz Árnason forstjóri Norðurorku hf

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30
Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvatz (sign)
Gísli Árnason (sign)
Einar Gíslason (sign)
Páll Pálsson (sign)